

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2018

2019/EES/98/02

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á starfsreglum sameiginlegu EES-nefndarinnar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Króatíu á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽¹⁾, („samningurinn um stækkun EES frá 2014“) sem var undirritaður 11. apríl 2014, urðu breytingar á 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins með því að króatísku var bætt við lista yfir tungumál EES-samningsins.
- 2) Króatísku skal bætt við lista yfir tungumál í starfsreglum sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem samþykktar voru með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 ⁽²⁾, og breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽³⁾ og breytt aftur með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2018 frá 9. febrúar 2018 ⁽⁴⁾. Því ber að breyta lista yfir tungumál starfsreglna EES-nefndarinnar í samræmi við það.
- 3) Samningurinn um stækkun EES frá 2014 hefur gilt til bráðabirgða um undirritunaraðila hans frá 12. apríl 2014 og þessi ákvörðun skal því gilda til bráðabirgða meðan beðið er gildistöku samningsins um stækkun EES frá 2014.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 6. gr.:

„Textar EB-gerða sem á að taka upp í viðauka við samninginn í samræmi við 1. mgr. 102. gr. eru jafngildir á búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku eins og þeir eru birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þeir skulu útbúnir á íslensku og norsku og fullgiltir af sameiginlegu EES-nefndinni ásamt viðeigandi ákvörðunum sem um getur í 1. mgr.“

2. Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 11. gr.:

„Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á viðaukum, bókunum við samninginn skulu birtar á búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og á íslensku og norsku í EES-viðbæti þeirra.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, eða á gildistökuþegi samningsins um stækkun EES frá 2014, eftir því hvort dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 170, 11.6.2014, bls. 5.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 85, 30.3.1994, bls. 60.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 54.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 323 frá 12.12.2019, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 99 frá 12.12.2019, bls. 1.

Hún skal gilda til bráðabirgða frá 12. apríl 2014.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.